

Sestu lestu



Ævintýri í Ingólfssfjalli

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:



1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Skoðaðu bókarkápuna og rifjaðu upp hvað nafnorð eru. Útskýrðu það með
þínum orðum og finndu svo 10 nafnorð á bókarkápunni.
Útskýring á nafnorðum: _____

Nafnorð af bókarkápunni: _____

1. kafli bls. 5-10



1. Hvað heitir strákurinn sem fyrstur er kynntur í kaflanum?

2. Af hverju heldur þú að hann beri tvö eftirnöfn? _____

3. Hvers vegna er hættulegt að trufla bílstjóra við akstur? _____

4. Hvað var mamma Fjóla að gera?

☐

Hún keyrði bílinn.

☐

Hún sat í farþegasætinu og las.

☐

Hún sat í farþegasætinu og prjónaði.

5. Hvað heitir stóri bróðir Hilmars og upphaldshljómsveitin hans?

6. Meðfram hvaða fjalli keyrði fjölskyldan? _____

7. Mamma Sigga var skipulagsfræðingur. Hvað heldur þú að skipulagsfræðingar geri?

8. Hvað merkir orðið *fjallsrót*?

- ☐ Ræturnar sem halda fjalli fastar.
- ☐ Grænmeti sem vex í fjallinu.
- ☐ Neðsti hluti fjalls.

9. Lýstu því sem gerðist þegar jörðin fór að hristast. _____

10. Hvað er *hnallungur*?


- ☐ Það er stór steinn.
- ☐ Það er lítill en þungur steinn.
- ☐ Það er kringlóttur steinn.



11. Hvers vegna gátu þau ekki keyrt áfram eftir veginum? _____

12. Ræddu við félagar um það sem þú veist um jarðskjálfta. Hvað myndirðu gera ef þú fyndir fyrir jarðskjálfta núna?

2. kafli bls. 11-14



1. Af hverju hringdi mamma Fjóla í björgunarsveitina? _____

2. Hvort heldur þú að sé öruggara að bíða inni í bíl eða fyrir utan hann í jarðskjálfta?

Af hverju? _____

3. Hvernig hefði ísinn getað forðað fjölskyldunni frá þessum aðstæðum?

☐ Þá væru þau líklega stödd annars staðar.

☐ Ís lætur mann gleyma því sem er að gerast.

☐ Ísinn gefur ofurkrafta og Hilmar hefði kastað steininum í burtu.

4. Af hverju ætli mamma Fjóla hafi viljað fylgjast með fréttum?

5. Hvað er Suðurlandsskjálfti? _____

6. Hvað eru eftirskjálftar?

- ☐ Litlir jarðskjálftar sem koma á undan stórum jarðskjálfta.
- ☐ Líkaminn skelfur eftir að maður er úti í miklum kulda.
- ☐ Litlir jarðskjálftar sem fylgja oft stórum skjálftum.


7. Hvað sá Hilmar í hlíðinni? _____

8. Hvaða glampa ætli Hilmar hafi séð? _____

9. Hvers vegna tóku mömmur Hilmars ekki eftir því þegar hann fór? _____

10. Hvað merkir orðið *bjarg*?

- ☐ að bjarga einhverjum
- ☐ klettur eða stór steinn
- ☐ margir litlir steinar



11. Hvaða stelpa heldur þú að hafi verið uppi á steininum? _____

12. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í rétttri atburðarás.


3. kafli bls. 15-20

1. Hvað heitir stelpan? _____

2. Hvað sýndi stelpan Hilmari? _____

3. Hvers vegna er glæri steinninn kallaður *silfurberg*?

- ☐ Af því að það er svo mikið silfur í steininum.
- ☐ Af því að hann er silfurtær líkt og gler.
- ☐ Af því að hann er silfraður á litinn.



4. Hvers vegna var björgunarsveitarbíll mættur á svæðið?

5. Hvers vegna heldur þú að Hilmar hafi roðnað þegar Hera horfði á hann?

6. Hvað vildi Hera fá í staðinn fyrir silfurbergið? _____

7. Hvað merkir orðið *hvinur*?

- ☐ þytur eða hátt þyskennt hljóð
- ☐ öskur eða hávær rödd
- ☐ vinur eða frændi



8. Hvers vegna ætli Hera hafi ekki verið hrædd við jarðskjálfann?

9. Hvers vegna var Hilmar hræddur við jarðskjálftann? Hvað óttaðist hann að gæti gerst? _____

10. Af hverju heldur þú að Hilmar hafi gleymt að kveðja Heru?

11. Af hverju þurfti Hilmar að flýta sér inn í bílinn? _____

12. Rifjaðu upp hvað samsett orð eru. Finndu fjögur samsett orð í kaflanum og skrifaðu orðin sem þau eru samsett úr.

_____	=	_____	+	_____
_____	=	_____	+	_____
_____	=	_____	+	_____
_____	=	_____	+	_____

4. kafli bls. 21-24

1. Hvað er malarvegur?

- ☐ Vegur sem er malbikaður.
- ☐ Vegur sem malar eins og köttur.
- ☐ Steinavegur, ómalbikaður.



2. Af hverju ætli bíllinn hafi hrossast og hrist?

3. Af hverju fannst mömmu mikilvægt að Hilmar væri óhræddur við jarðskjálfta?

4. Af hverju brá Hilmar og hvað sá hann á bak við sig?

5. Hvaða skýringu gaf Hera á jarðskjálftanum?

- ☐ Jörðin væri að teygja úr sér.
- ☐ Jörðin væri í reiðikasti.
- ☐ Jörðin væri að dansa.

6. Skoðaðu textann á blaðsíðu 22 og myndina á blaðsíðu 23. Lýstu því sem er á myndinni. _____

7. Hvað hét bústaðurinn?

- ☐ Músarkot
- ☐ Músarhola
- ☐ Músarholt



8. Af hverju ætli Hilmar hafi verið sá eini sem sá Heru?

9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

10. Skoðaðu nú myndirnar í næsta kafla. Hvað heldur þú að gerist kaflanum?

5. kafli bls. 25-28

1. Hera sagðist ekki vera draugur, heldur _____

2. Hvernig hélt Hilmar að huldufólk og heimkynni þeirra liti út?

3. Hvað vildi Hera fá hjá Hilmari?

- ☐ pening
- ☐ tölvuna
- ☐ símann



4. Hvað merkir að jörðin hafi gleypt Heru?

5. Hvers vegna ætli Hera hafi horfið? _____

6. Af hverju átti Hilmar að koma inn?

- ☐ Af því að það kom jarðskjálfti.
- ☐ Af því að hann átti að læra bregðast við jarðskjálfta.
- ☐ Af því að Hera kom aftur með símann hans.

7. Hvað merkir að vera *ráðvilltur*? _____

8. Hvert heldur þú að Hera hafi farið? _____

10. Huldustelpan ruglaði nokkrum málsgreinum úr kaflanum. Raðaðu orðunum þannig að málsgreinin verði rétt.



huldustelpan. Ég er

neitt. vitið þið ekki mannabörn

hans var Bíldyrnar horfinn. opnar og voru síminn

11. Finndu sex sagnorð í kaflanum og skrifaðu hér fyrir neðan.

Sagnorð (so.)	

6. kafli bls. 29-34



1. Hvar er gott að vera ef það kemur jarðskjálfti?

Nefndu tvo staði.

2. Af hverju er gott að skríða undir borð í jarðskjálfta? _____

3. Hera gerði grín að Hilmari og sagði að hann myndi aldrei ná

☐ blómunum

☐ skýjunum

☐ símanum

4. Hvað var Hera að gera þegar Hilmar kom auga á hana við trampólínið?

5. Hvað merkir að *flissa*?

☐ Að pissa úti í náttúrunni.

☐ Að bæla niður hlátur.

☐ Að bæla niður öskur.

6. Af hverju hélt Hera að síminn væri ónýtur? _____

7. Hvað vildi Hera gera með Hilmari? _____

8. Hvar var fjársjóðurinn? _____

9. Hvað merkir að *blása ekki úr nös*?

- ☐ Að vera ekkert móður.
- ☐ Að vera með hor í nefinu.
- ☐ Að anda bara með nefinu.



10. Af hverju varð Hilmar vandræðalegur þegar Hera rétti honum hundasúrur?

11. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
fjall	
	hólar
blómakrans	
	sumarbústaðir
fótur	

12. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaganum frá þeim í réttri atburðarás.

7. kafli bls. 35-38

1. Hvers vegna var langafi Heru að hrekkja mannfólkið?

- ☐ Hann var svo stríðinn.
- ☐ Hann var svo úrillur.
- ☐ Hann vildi ekki hafa mannfólk í fjallinu.



2. Langafi Heru hrekkti mannfólkið á ýmsa vegu. Nefndu 2-3 atriði.

3. Hver hjálpaði langafa þegar hann fótbrotnaði? _____

4. Hvernig þakkaði langafi fyrir björgunina?


- ☐ Hann nefndi fjallið í höfuðið á bjargvættinum.
- ☐ Hann gaf peningaverðlaun.
- ☐ Hann veitti bjargvættinum þrjár óskir.

5. Hver var Ingólfur Arnarson? _____

6. Af hverju ætli Ingólfur hafi beðið langafa um að geyma skipið sitt?

7. Hvað merkir orðið *Kögunarhóll*?

- ☐ hóll með könglum
- ☐ útsýnishóll
- ☐ sveppahóll



8. Heldur þú að saga Heru sé sönn? Af hverju? _____

9. Af hverju ætli Hilmar hafi verið svona spenntur að heyra hvar Ingólfur væri grafinn? _____

10. Hvað merkir að *gapa*?

- ☐ Að blikka augunum oft og hratt.
- ☐ Að glenna upp munninn.
- ☐ Að tala hratt og óskýrt.

11. Hvað merkir að *glápa*? _____

Búðu til málsgrein með sögninni *að glápa*. _____

13. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaganum þínum frá þeim í réttri atburðarás.

8. kafli bls. 39-44



1. Hvað varð til þess að Hera áttaði sig á að það var að koma jarðskjálfti?

2. Af hverju ætli Hera hafi dregið Hilmar að bjarginu?

3. Lýstu því sem gerðist í jarðskjálftanum.

4. „Æ, passaðu þig“ kallaði Hera. Á hvern var hún að kalla og hvernig fór hún að því að bjarga viðkomandi?

- ☐ Spóaunga og hún kastaði steini í hann.
- ☐ Lóuunga og hún kastaði sér fram og skýldi unganum.
- ☐ Spóaunga og hún kastaði sér fram og skýldi unganum.

5. Af hverju meiddi Hera sig?

6. Hvað merkir að *kjökra*?

- ☐ Snökta eða vera hálfgrátandi.
- ☐ Skrökva að einhverjum.
- ☐ Klifra upp á hátt fjall.



7. Hvað merkir það að röddin hafi *bergmálað* í fjallshlíðinni?

8. Hvað heitir Hera fullu nafni?

- ☐ Hera Grasstrá Hjálmarsdóttir
- ☐ Hera Puntstrá Álfisdóttir
- ☐ Hera Puntstrá Hjálmsdóttir

9. Af hverju ætli Hera hafi orðið skömmustuleg þegar pabbi hennar birtist?

10. Af hverju kemst enginn í fjársjóðinn og hver sá til þess?

11. Af hverju ætli Hera og Hjálmur hafi orðið svona hneyksluð þegar Hilmar stakk upp á því að nota sprengiefni til að komast að fjársjóðnum?

9. kafli bls. 45-47

1. Hvað eru feðgin?

- ☐ faðir og sonur
- ☐ móðir og dóttir
- ☐ faðir og dóttir



2. Nefndu þrjár bergtegundir sem minnst er á í bókinni (sjá kafla 3, 8 og 9).

3. Af hverju ætli Hilmar hafi svimað þegar Hera horfði í augun á honum?

4. Dagurinn hjá Hilmarí var viðburðaríkur. Hvað merkir það?

- ☐ Hann lenti í mörgum atburðum eða uppákomum.
- ☐ Hann fór á margar listasýningar.
- ☐ Hann bar olíu á viðinn í húsinu.

5. Hvernig heldur þú að mömmurnar hefðu brugðist við ef Hilmar hefði sagt þeim frá Heru og pabba hennar?

7. Hvernig heldur þú að restin af sumarfríi Hilmars verði?



8. Hera komst í dagbókina hans Hilmars og strokaði út nokkur orð. Hjálpaðu Hilmari að skrifa orðin aftur á réttan stað. Orðin sem vantar eru hér fyrir neðan.

Við Hera héldum áfram _____ upp fjallið. Skyndilega heyrðist

_____ í lofti og skömmu síðar titraði _____.

Hávaðinn var _____. Pabbi Heru kom til okkar og spurði:

„hver er þessi _____?“ Hera bað mig að _____

með sér daginn eftir. Þetta var bara fyrsti dagurinn í _____.

gríðarlegur – jörðin – göngunni – hvinur – sumarfríinu – veiða – mannadrengur

Hugleiðingar að lestri loknum



1. Hvernig fannst þér bókin? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Um hvað er sagan? Ef þú ættir að segja einhverjum frá þessari bók, hvernig myndir þú lýsa henni? _____

3. Ímyndaðu þér að þú getir séð álfa og talað við þá? Hvað myndir þú segja við álfana og hvað mynduð þið gera? _____

